



SAMRÆMING OG UPPBYGGING Í ÞÁGU NÁTTÚRUNNAR

Kæru fundagestir.

Við sem erum hér, sérfræðingar frá ýmsum stofnunum og náttúruverndanefndum sem eru oft einnig umsjónaraðilar, sinnum því hlutverki að vernda svæði og gæta þess að þau haldi sínum náttúrulegu gæðum.

Eins og við vitum eru 114 friðlýst svæði á Íslandi. Á meðal þeirra eru þrír þjóðgarðar, fjölmörg friðlönd, náttúruvætti, fólkvangar og búsvæði. Og við vitum líka að sveitarfélög hafa umsjón með fjölmörgum vinsælum og viðkvæmum svæðum sem skráð eru á náttúruminjaskrá. Í sumum sveitafélögum eru einnig svæði sem vernduð eru samkvæmt 37. grein nágildandi náttúruverndalaga [t.d. hraun og votlendi]. Hér er átt við um það bil 400 svæði, til viðbótar við friðlýst svæði, sem þarf að vernda með einhverjum hætti. Hluti þessara svæða eru nýtt til útivistar.

Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarður, Landgræðslan, Skógræktin ásamt sveitarfélögum hafa umsjón með náttúru Íslands og er mjög ánægjulegt að sjá hversu mikið samstarf og samræming er að aukast. Það er gríðarlega mikilvægt vegna þess að við vitum að náttúran getur verið undir ýmiskonar álagi, svo sem vegna iðnaðar, byggðar, ágengra framandi tegunda og ekki síst vegna ágangs ferðamanna. En síðastnefndi þátturinn hefur aukist verulega á undanförunum árum.

Til að byrja með þurfum við samræma skilning allra á álagi og þolmörkum áður en farið er í uppbyggingu ferðapjónustu. Við höfum í dag rætt um hvernig náttúran sé best varin, og höfum spurt okkur hverjar takmarkanir ferðapjónustu séu. Ferðapjónusta þarf jú, eins og annað, að vera sjálfbær. Sjálfbærni í tengslum við náttúruvernd er mjög skýr: Við metum hversu marga gesti ákveðin svæði geta þolað án þess að verndargildi svæðisins og upplifun gesta séu skert, einnig fyrir komandi kynslóðir. Þetta er fyrsta skrefið sem allir umsjónaraðilar ættu að samræma. Niðurstöður þessa mats eru að sjálfsgöðu misjafnar. Viðkvæmt svæði ætti ekki að vera markaðsett sem áfangastaður massatúrisma og þar að leiðandi innviðir takmarkaðir. Hins vegar, ætti að byggja upp svæði sem þola álagið betur án þess að verndargildi svæðisins skerðist og hægt er sé tryggja nægilega góða upplifun gesta, af því að við öll viljum líka að fólk njóti náttúru Íslands.

Annað skref til að samræma uppbyggingu er að taka hógværar ákvarðarnir og hanna og framkvæma innviði sem geta stýrt umferð ferðamanna út frá þolmörkum svæða. Sérfræðingar okkar geta metið þolmörk, en æskilegt er að fá einnig aðstoð þeirra stofnanna sem rannsaka náttúruferðir. Umhverfisstofnun hefur tekið saman yfirlit yfir rannsóknir á friðlýstum svæðum og er um þessar mundir að auka samstarf við rannsóknaraðila með það að markmiði að rannsóknir veiti okkur vísbendingar um stöðu náttúruferðis á friðlýstum svæðum og verði grundvöllur ákvarðanatöku um stýringu ferðamanna og uppbyggingu innviða. Ég hvet hér náttúruverndanefndir til að auka einnig sitt samstarf við rannsóknaraðila og að notuð sé sama aðferð fyrir svæði á náttúruminjaskrá.

Þriðja skref í áttina að samræmingu umsjónar, verndunar og uppbyggingar á náttúruverndasvæðum er vandað efnisval í uppbyggingu innviða. Hér er alls ekki verið að meina að innviðir eigi að vera eins allstaðar, heldur að við tökum samræmdar ákvarðanir hvað varðar efnival t.d. velja rétta mól í göngustíga sem er þægilegt að ganga á, sem fýkur ekki, sem passar umhverfinu útlitslega og svo framvegis. Annað dæmi er að teknar verði svipaðar ákvarðanir um að gera eða leyfa einungis afturkræfar framkvæmdir og að byggðir séu upp innviðir sem falla vel að umhverfinu. Hægt er að samræma hvernig við framkvæmum þessa uppbyggingu. Mikilvægt er að mínu mati að taka réttar ákvarðanir um hvort hægt sé að nota verktaka fyrir ákveðin verkefni eða hvort að betra sé að fela þjálfuðum sjálfboðaliðahópum að vinna á ósnortnum og viðkvæmum svæðum án þess að nota stór tæki.



Umhverfisstofnun ásamt Landgræðslu ríkisins og Skógræktinni hafa dýrmæta þekkingu í stígagerð. Nýlega var haldið fyrsta námskeiðið í stígagerð til að dreifa þessari þekkingu meðal þeirra aðila sem vinna að uppbyggingu innviða með lagningu göngustíga. Námskeiðið var haldið í Þórsmörk í september sl. og var fulltrúum sveitarfélaga á Suðurlandi boðið að taka þátt. Næstu námskeið eru fyrirhuguð á Suðvesturlandi, svo á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi. Stefnt er því að bjóða öllum umhverfissfulltrúum og verkefnisstjórum sveitarfélaga að koma.

Síðan er líka hægt að samræma ákvarðarnir um það sem við köllum „verndarráðstafarnir“. Það eru t.d. endurheimt landslags (raka yfir hjólför vegna aksturs utan vega, mosauppgræðsla, lokun villislóða), aðgerðir til að verja vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni (t.d. með því að takmarka dreifingu ágengra tegunda plantna). Núna hér væri hægt að taka sameinilega ákvörðun um að til dæmis um að ekki nota Roundup eða önnur eitufeni.

Fjórða skrefið í samræmingu er hvernig við nálgumst gesti á náttúruverndarsvæðum. Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarður, með Ferðamálastofnun, hafa búið til skiltahandbók svo hægt sé að smátt og smátt bæta og skipta út fræðsluskiltum og aðkomuskiltum þannig að viðkomandi veit að hann er kominn á verndarsvæði bara með að sjá útlit skilta. Um þessar mundir er einnig unnið að því að samræma landvarðafatnað með sama markmið. Samkvæmt drögum að frumvarpi um uppbyggingu innviða eru landverðir skilgreindir sem innviðir.

Mig langar hér að nefna stuttlega önnur dæmi um möguleika að samræmingu tengd vörslu: Við getum samræmt ákvarðanatökur um opnun eða lokun svæða vegna veðurs, vegna viðkvæmni svæða og vegna öryggis. Sveitarfélög eru í vaxandi mæli að taka við umsjón friðlýstra svæða með því að gera umsjónarsamninga við Umhverfisstofnun um daglegan rekstur og umsjón slíkra svæða. Síðan árið 2014 hafa verið undirritaðir tíu umsjónarsamningar við Borgarnes, Dalvík, Akureyri, Garðabæ og Reykjavíkurborg og fleiri eru á dagskrá á Austurlandi og á Suðvesturlandi og í öðrum landshlutum.

Mig langar hér að hrósa umsjónaraðilum og sveitarfélögum sem tóku að sér þetta hlutverk sem kann að vera kostnaðasamt, en hafa séð fyrir sér þann gríðarlega ávinning sem samfélagið fær til baka. Og hér er ég ekki að tala einungis um tekjur fyrir samfélagið, heldur um tækifæri fyrir íbúa til að njóta grænna svæða sem hafa jákvæð áhrif á heilsu og auka lífsgæði, og einnig til að nýta friðlýst svæði í skólastarfi grunnskóla og framhaldskóla. Friðlýst svæði eru tilvaldir staðir til að fræða unga Íslendinga um náttúrufræði og menningarsögu.

Sem sagt, samstarfið við sveitarfélög er að aukast, sem og samstarfið við landeigendur, en til að geta stýrt ferðamönnum milli svæða og til að vernda svæði án þess að það þurfi að loka þeim, það þarf að auka samstarf við ferðaþjónustuaðila. Við getum gert það með því að upplýsa hvert annað, t.d. um hvaða svæði ferðaþjónustuaðilar stefna að því að markaðsetja, fyrir hvaða tegundir ferðamennsku, eða á hvaða tímabili ársins. Við gætum veitt upplýsingar um hvaða svæði er, til dæmis opið á vetrartíma, hvaða gönguleiðir eru færar eða hvaða búnað, til dæmis mannbrodna, gestir þurfa að vera með. Af því að við viljum ekki bara vernda náttúruna, heldur líka tryggja öryggi ferðamanna, viljum við auka samstarf við leiðsögumenn sem ferðast mikið um verndarsvæði og geta komið með dýrmætar ábendingar.

Í stuttu máli er framtíðarsýn til að stýra ferðamönnum og vernda náttúruna þessi: Skýr og sameiginleg stefna, bætt samstarf og upplýsingaflæði, og aukin fjárframlög til að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu til verndar náttúru Íslands.

